



# Ársskýrsla

2017

## Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



Það eru mikil forréttindi að fá að vinna að framgangi mikilvægra málaflokka á borð við ferðamál, nýsköpun, iðnað og orku, viðskipti og samkeppnis- og neytendamál. Þetta eru fjölbreytt málefni en eiga það sameiginlegt að skipta sköpum fyrir samkeppnishæfni íslensks efnahagslífs og þar með verðmætasköpun í landinu og lífskjör þjóðarinnar.

Þegar ég tók við ráðherraembætti í upphafi árs 2017 blasti það við að ein stærsta áskorun ársins yrði að mæta mikilli fjölgun erlendra ferðamanna. Því var spáð að þeim myndi fjölga um hálf milljón á milli ára, annað árið í röð, sem er fáheyrður vöxtur. (Raunin varð að þeim fjölgaði um ríflega 400 þúsund.) Gripið var til fjölmargra ráðstafana til að ná utan um þessa stöðu; stofnuð var skrifstofa ferðamála í ráðuneytinu, reglum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða breytt, stuðningur aukinn við SafeTravel verkefni Landsbjargar, salerni fjármögnuð við þjóðvegi víða um land, Hæfnisetur stofnað, rannsóknir og greiningar auknar og þannig mætti áfram telja.

Nýsköpunarumhverfið á Íslandi hefur stórbatnað á undanförunum árum og eiga bæði stjórnvöld og einkaaðilar sinn þátt í því. Áherslur ársins lutu meðal annars að hugverkarétti og undirbúningi að stofnun tækniyfirfærsluskrifstofu ásamt því sem Tækniþróunarsjóður og Nýsköpunarmiðstöð studdu með sínum hætti við sprota og þróunarstarf. Áfram verður mikil gerjun á þessum vettvangi og nýlega hófst vinna við mótun nýsköpunarstefnu fyrir Ísland.

Í orkumálum lagði ég töluverða áherslu á örkuöryggi, meðal annars með því að stofna tvo starfshópa, annan um afhendingaröryggi í dreifbyli og þrífösun og hinn um orkuöryggi á heildsölumarkaði, en þar er sú staða er uppi að enginn hefur það hlutverk að tryggja almennum notendum fullnægjandi framboð á raforku. Þá var ánægjulegt og mikilvægt að fá þingsályktunartillögu um orkuskipti samþykkt á Alþingi.

Hér hefur aðeins verið tæpt á nokkrum helstu markmiðum og áherslum í starfi ráðuneytisins á árinu. Síðasti fjórðungur þess markaðist að sjálfsgöðu af stjórnarslitum á haustdögum. Ég tel að árið hafi engu að síður verið farsælt fyrir málaflokka ráðuneytisins og þakka öllum þeim fjölmörgu sem við í ráðuneytinu áttum gott samstarf við á árinu.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

*Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra*

Bent er á að ársskýrslur ráðherra eru birtar með fyrirvara þar sem ríkisreikningur ársins lá ekki fyrir við gerð þeirra. Mögulegt er að fjárhæðir muni breytast lítillega við lokafrágang ríkisreiknings og verða skýrslurnar uppfærðar eftir því sem við á.

Í ársskýrslum ráðherra eru niðurstöður sýndar sem gjöld að fráðregnum rekstrartekjum. Hins vegar eru uppgjörstölur í frumvarpi til fjárlaga birtar með þeim hætti að afskriftir ársins eru dregnar frá útgjöldum málefna- og málaflokka og fjárfestingum ársins bætt við, en með því fæst skýrari samanburður við fjárheimildir samkvæmt fjárlögum.

# Samantekt um starfsemi ráðuneytis

Meginviðfangsefni ráðuneytisins lúta að því að móta hagfellda umgjörð fyrir atvinnuvegina, stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, efla rannsóknir, þróun og nýsköpun og hafa yfirumsjón með að lögbundnu eftirliti sé sinnt í samræmi við lög.

Á árinu var m.a. unnið að lagabreytingum til þess að ná betur utan um stjórnslu ferðamála, starfsemi Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var gerð hnitmiðaðri, vefsíðan „Mælaborð ferðaþjónustunnar“ var opnuð undir lok ársins, unnið var markvisst að gerð áfangastaðaáætlana fyrir alla landshluta, komið var á fót „Hæfnisetri ferðaþjónustunnar“ og stuðningur stjórnvalda við öryggismál greinarinnar stórefldur. Þá var sett á fót skrifstofa ferðamála í ráðuneytinu.

Á sviði orkumála samþykkti Alþingi ályktun ráðherra um orkuskipti til ársins 2030 og henni samhlíða aðgerðaáætlun í 24 liðum. Í ályktuninni eru sett fram markmið til ársins 2030 um 40% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi og 10% fyrir haftengda starfsemi. Lykilþættir til að ná þessu marki eru að styrkja hagræna hvata, vinna markvisst að uppbyggingu innviða s.s. hleðslustöðva og stuðla að rannsóknum og tækniþróun sem tengist endurnýjanlegum orkugjöfum.

Markvisst var unnið að því að efla stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarf, einfalda regluverk og auka rafræna stjórnslu.


## Rekstur og fjárfestingar

Verkefni á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra tilheyra fjórum málefnasviðum. Ráðherra fer einn með forræði málefnasviðs 14 Ferðaþjónusta og málefnasviðs 15 Orku- og eldsneytismál en fer með forræði hluta af málefnasviðum 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál og 16 Markaðseftirlit

og stjórnslu atvinnamála og nýsköpunar. Raunútgjöld, þ.e. heildarútgjöld að frádregnum sértekjum, verkefna á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra námu 13.095,8 m.kr. árið 2017.

### Mynd 1

## Raun útgjöld málefnasviða sem heyra undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



#### Raunútgjöld málefnasviða (m.kr.) Rekstrargjöld og fjárfestingar

7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	6.966,0
14 Ferðaþjónusta	1.763,9
15 Orku- og eldsneytismál	3.412,7
16 Markaðseftirlit og stjórnslu atv.mála og nýsk.	953,2

**Raunútgjöld málefnasviðs 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál** námu tæplega 7,0 ma.kr., þar af um 4,7 ma.kr. vegna Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslna á rannsóknar og þróunar-kostnaði til nýsköpunarfyrirtækja. Undir málefnasviðið falla tvær stofnanir: Einkaleyfastofa og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þá falla undir málefnasviðið endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og vegna hljóðritunar tónlistar og ýmis verkefni og samningar í nýsköpun og atvinnuþróun.

**Raunútgjöld málefnasviðs 14 Ferðaþjónusta** námu tæplega 1,8 ma.kr. Undir málefnasviðið fellur ein stofnun, Ferðamálastofa, tveir sjóðir, Framkvæmdasjóður ferðamannastaða og Flugþróunarsjóður, ásamt ýmsum verkefnum og samningum í ferðaþjónustu.

**Raunútgjöld málefnasviðs 15 Orku- og eldsneytismál** námu rúmlega 3,4 ma.kr., þar af um 2,9 ma.kr. vegna niðurgreiðslna húshitunar og dreifingar raforku. Undir málefnasviðið fellur ein stofnun, Orkustofnun, einn sjóður, Orkusjóður, og ýmis verkefni og samningar í orkumálum.

**Raunútgjöld málefnasviðs 16 Markaðseftirlit og stjórnslu atvinnamála og nýsköpunar** námu 953,2 m.kr., þar af 471,4 m.kr. vegna stofnana sem heyra þar undir: Samkeppniseftirlitsins og Neytendastofu. Undir málefnasviðið fellur einn sjóður, Hönnunarsjóður, nefndir og ýmis verkefni og samningar í viðskiptamálum og neytendamálum.

### 3. Málefнасvið

Rekstrargjöld, þ.e. heildargjöld að frádregnum sértekjum og fjárfestingum, verkefna á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra námu 13.069 m.kr. Áætlun ársins, þ.e. útgjaldarammi fjárlaga 2017 og fjárukalaga 2017 að teknu

tilliti til afskrifta og fjárfestinga og leiðréttinga á launabótum, gerði ráð fyrir að rekstrarútgjöldin næmu samtals 13.172 m.kr. Að auki voru til ráðstöfunar 1.119 m.kr. frá fyrra ári, þ.e. uppsafnaður höfuðstóll.

**Tafla 1 Rekstur – málefнасvið og málaflokka**

Málaflokkar	Raun	Áætlun ársins	Frávik innan ársins	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Uppsafn frávik	Frávik %
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál</b>	<b>6.956</b>	<b>7.053</b>	<b>-97</b>	<b>-1,4%</b>	<b>632</b>	<b>-729</b>	-10%
0710 - Samkeppnissjóðir í rannsóknnum	2.390	2.378	12	0,5%	420	-408	-17%
0720 - Nýsköpun og markaðsmál	4.566	4.675	-109	-2,3%	212	-321	-7%
<b>14 Ferðaþjónusta</b>	<b>1.762</b>	<b>1.689</b>	<b>73</b>	<b>4,3%</b>	<b>329</b>	<b>-257</b>	-15%
1410 - Ferðaþjónusta	1.762	1.689	73	4,3%	329	-257	-15%
<b>15 Orku- og eldsneytismál</b>	<b>3.409</b>	<b>3.478</b>	<b>-68</b>	<b>-2,0%</b>	<b>68</b>	<b>-137</b>	-4%
1510 - Orku- og eldsneytismál	3.409	3.478	-68	-2,0%	68	-137	-4%
<b>16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atv.mála og nýsk.</b>	<b>941</b>	<b>952</b>	<b>-11</b>	<b>-1,1%</b>	<b>90</b>	<b>-100</b>	-11%
1610 - Markaðseftirlit	657	677	-20	-2,9%	0	-20	-3%
1620 - Stjórnýsla atvinnamála og nýsköpunar	284	275	9	3,3%	90	-81	-29%

#### 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál

Til ráðstöfunar voru 7.685 m.kr. á árinu 2017, 7.053 m.kr. skv. áætlun ársins og 632 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld málefнасviðsins námu 6.956 m.kr. og uppsafnað frávik því 729 m.kr. afgangur. Frávikidið skýrist af því að samningar við styrk-hafa úr haustúthlutun Tækniþróunarsjóðs lágu ekki fyrir fyrr en eftir áramót en allajafna getur tekið um þrjú mánuði að ganga frá slíkum samningum og var því skuldbinding styrkjanna ekki bókuð í bókhaldinu fyrr en á árinu 2018. Aðrar skýringar á frávikinu felast í lægri rekstrarkostnaði hjá Einkaleyfastofu en gert var ráð fyrir, ýmis verkefni fóru seinna af stað á árinu en gert hafði verið ráð fyrir og kom ekki til útgjalda vegna þeirra fyrr en á árinu 2018 og að endurgreiðslur vegna hljóðritunar tónlistar á Íslandi, sem kom inn sem nýtt endurgreiðsluferfi á árinu 2017, fór hægar af stað en gert var ráð fyrir og var því framlagi ársins ekki ráðstafað að fullu.

Á árinu var unnið að því að efla nýsköpun í starfandi fyrirtækjum, m.a. með það að markmiði að fjölga umsóknnum um hugverkaréttindi og fjölga tækniyfirfærsluverkefnum.

Framlög til Tækniþróunarsjóðs hafa að mestu staðið í stað frá 2016 en stigin hafa verið markviss skref til að auka skilvirkni hans og ná sem best til vaxtareina. Skapandi greinar hafa fengið meira vægi og styrkjaflokkum til fyrirtækja hefur verið fjölgað, m.a. með áherslu á styrki til að sækja um einkaleyfi og styrki til fyrirtækja sem eru í vexti og í sókn á nýja alþjóðlega samkeppnismarkaði.

#### 14 Ferðaþjónusta

Til ráðstöfunar voru 2.019 m.kr. á árinu 2017, 1.689 m.kr. skv. áætlun ársins og 329 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld málefнасviðsins námu 1.762 m.kr. og uppsafnað frávik því 257 m.kr. afgangur. Frávikidið skýrist helst af því að færri styrkir hafa verið veittir úr Flugþróunarsjóði en gert hafði verið ráð fyrir.

Meðal verkefna á árinu 2017 má nefna að lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða var breytt og rúmlega 600 m.kr. var úthlutað úr sjóðnum til uppbyggingar, viðhalds og verndunar ferðamannastaða auk öryggismála og verndunar náttúru. Þá var unnið að breytingum á lögum um skipan ferðamála til að ná betur utan um stjórnýsly ferðamála. Mælaborð ferðaþjónustunnar sem hefur að geyma uppfærð gögn og mælingar varðandi stöðu greinarinnar var opnað í kjölfar 100 m.kr. fjárheimildar á árinu til eflingar rannsóknar og unnið var að áfangastaðaáætlunum í ferðaþjónustu í öllum landshlutum en í þeim felst sameiginleg stefnuyfirlýsing hagsmunaaðila á hverju svæði fyrir sig í þágu ferðaþjónustunnar. Öryggismál voru stórefld með hækkan framlags stjórnvalda í SafeTravel verkefnið til þriggja ára. Þá fjármagnaði ráðherra uppsetningu og rekstur bráðabirgðasalerna víðsvegar um landið sumarið 2017 með 90 m.kr. samningi við Vegagerðina.

## 15 Orku- og eldsneytmál

Til ráðstöfunar voru 3.546 m.kr. á árinu 2017, 3.478 m.kr. skv. áætlun ársins og 68 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld málefna-sviðsins námu 3.409 m.kr. og uppsafnað frávik því 137 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist helst af því að Orkustofnun hlaut styrki vegna nýrra verkefna seint á árinu en vinna við verkefni hófst ekki fyrr en um áramótin 2017/2018 og þar með voru útgjöld vegna verkefnanna ekki bókfærð fyrr en á árinu 2018.

Meðal verkefna á málefna-sviðinu á árinu 2017 má nefna að unnið var að eflingu orkuöryggis á landsvísi. Skipaðir voru tveir starfshópar í því skyni og hófu þeir störf á árinu. Annars vegar starfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku í dreifbýli og þriggja fasa rafmagn, og hins vegar starfshópur um orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku. Eru þessi starfshópar enn að störfum og niðurstaðna þeirra að vænta í lok árs 2018 og á fyrri hluta árs 2019.

Unnið var áfram að orkuskiptum í samgöngum m.a. með sérstökum innviðastyrkjum fyrir rafbila sem Orkusjóður úthlutaði fyrir árin 2016, 2017 og 2018, samtals um 200 m.kr. Samþykkt var á Alþingi tillaga ráðherra til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti, sem varðar veginn til næstu ára um áframhald orkuskipta, jafnt á landi sem á hafi.

Á árinu var veitt 150 m.kr. framlag vegna uppsetningar á varmadælu í Vestmannaeyjum, í samræmi við það markmið að tryggja orkuöryggi á landsvísi og ná fullri jöfnun á kostnaðarmun á dreifingu raforku í dreifbýli og þéttbýli.

## 16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar

Til ráðstöfunar voru 1.041 m.kr. á árinu 2017, 952 m.kr. skv. áætlun ársins og 90 m.kr. frá fyrra ári. Rekstrargjöld málefna-sviðsins námu 941 m.kr. og uppsafnað frávik því 100 m.kr. afgangur. Frávikið skýrist helst af því að ýmis verkefni fóru seinna af stað en gert var ráð fyrir og kom ekki til útgjalda vegna þeirra fyrr en á árinu 2018.

Stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar tekur til aðkomu ríkisins að atvinnugreinum landsins. Meginviðfangsefnið er að stuðla að hagfelldri umgjörð fyrir atvinnuvegina, stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, efla rannsóknir, þróun og nýsköpun og hafa yfirumsjón með að lögbundnu eftirliti sé sinnt í samræmi við lög.

Á árinu 2017 var unnið að þeim markmiðum og aðgerðum sem fram koma í fjárlögum fyrir árið á málefna-sviðinu, þ.e. að auka rafræna stjórnsýslu og einfalda regluverk og stuðningsumhverfi.

# Málaflokkar

## Árangur og ávinningur af ráðstöfun fjármuna

### 7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál

Markmið málaflokksins er að með rannsóknum og þróunarstarfi verði til alþjóðlega samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir ný og starfandi fyrirtæki í landinu. Á árinu var unnið að þeim markmiðum og aðgerðum sem koma fram í frumvarpi til fjárlaga 2017 í þessum málaflokk.

#### Markmið 1: Efla nýsköpun í starfandi fyrirtækjum

Mat á árangri Tækniþróunarsjóðs var unnið á árinu 2017. Niðurstaða þess var m.a. að styrkir til nýsköpunar skiluðu ávinningi í sölu afurða og hagnaðar. Velta jókst hjá 75% styrkþega og hagnaður hjá 47% þeirra. 41% styrkþega stofnuðu ný fyrirtæki utan um niðurstöður sínar og hjá 67% þeirra skapaðist aukið aðgengi að nýjum mörkuðum og aukin markaðshlutdeild erlendis.

Framlög til Tækniþróunarsjóðs hafa verið nánast óbreytt frá 2016. Styrkjaflokkar sjóðsins hafa breyst síðustu misserin til að taka mið af breyttum þörfum nýsköpunarsamfélagsins. Meginflokkar eru styrkir til fyrirtækja, styrkir til hagnýtra rannsóknarverkefna og einkaleyfastyrkir. Nýir styrkjaflokkar fyrir fyrirtæki eru vaxtarstyrkir og markaðsstyrkir. Með þessu er tekið tillit til aukinnar áherslu á þarfir starfandi fyrirtækja. Kröfur til fjárhagslegs bolmagns umsækjenda og árangurs verkefna hafa verið auknar. Þrátt fyrir það hefur fjöldi umsókna aukist og líkur á stuðningi eru komnar niður í 20% en voru 32% árið 2015.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands styður öfluglega við nýsköpun í starfandi fyrirtækjum, t.d. í samstarfi við stóráðgjufyrirtækin í þeim tilgangi að þróa úrvinnsluáætlun.

#### Mælikvarði 1a: Fjöldi erinda um hugverkarétt

Á árinu 2017 var unnið að því að efla nýsköpun í starfandi fyrirtækjum. Markmið var sett um að umsóknum um hugverkaréttindi 2017 fjölgi um 2% frá 2015 og náðist það markmið. Aukningin frá 2015 var um 8% eða 4.378 umsóknir samanborið við 4.059 árið 2015.

#### Mælikvarði 1b: Fjöldi tækniyfifærsluverkefna

Árið 2015 voru engin formleg tækniyfifærsluverkefni í gangi. Frá árinu 2016 hefur verið unnið að stofnun tækniyfifærsluskrifstofu. Slíkar skrifstofur eru brýr á milli háskóla-rannsókna og atvinnulífsins og tengiliður fjárfesta við uppfinningar vísindamanna. Þær gegna mikilvægu hlutverki við að skila verðmætum til samfélagsins. Að þessu samstarfsverkefni standa allir háskólar landsins ásamt opinberum rannsóknarstofnunum og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og hafa þau stofnað undirbúningsfélagið Auðnu.

## 14 Ferðaþjónusta

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 kom fram það meginmarkmið málefna sviðs 14 að ferðaþjónustan væri öflug atvinnugrein sem skilaði þjóðarþúinu verulegum gjalddeyristekjum og yki hagsæld og lífsgæði á Íslandi. Þar sagði að á fjárlagaárinu 2017 myndi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið beita sér fyrir (1) bættari greiningu og öflun upplýsinga um stöðu og þróun ferðaþjónustu, (2) að mótun markmiða og áherslna um þróun greinarinnar, skipulag og áhrif yrðu sett í forgang og (3) að átak yrði í uppbyggingu innviða ferðaþjónustu til að vernda viðkvæma náttúru, auka öryggi ferðamanna og tryggja jákvæða upplifun þeirra.

Í aðgerðum tengdum fyrsta liðnum voru tilgreindar greiningar og öflun gagna um stöðu ferðaþjónustunnar í innlendu og alþjóðlegu samhengi til skemmiri og lengri tíma, greining og gerð tillögu um mannafla- og þjálfunarþörf í ferðaþjónustu í öllum landshlutum og mörkun Íslands sem áfangastaðar, sem og greining markhópa. Í aðgerðum tengdum öðrum liðnum var tilgreind mótun langtíamarkmiða og áherslna um fyrirkomulag og þróun ferðaþjónustu á grunni samráðs hagsmunaaðila og stjórnvalda, mörkun og greining markhópa, gerð tillögu um stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustuna í hverjum landshluta og innleiðing á einni gátt fyrir leyfisveitingar og gögn sem hluti af einföldun regluverks í ferðaþjónustu. Í aðgerðum tengdum þriðja liðnum var tilgreind bætt upplýsingagjöf til ferðamanna um allt land með áherslu á rafrænar lausnir og samræmdar leiðarmerkingar. Hér að neðan verður farið yfir árangur aðgerða tengdum hverju ofangreindra markmiða.

### Markmið 1: Bætt greining og öflun upplýsinga um stöðu og þróun ferðaþjónustu

Árið 2017 bárust niðurstöður sex af alls níu verkefnum sem sett höfðu verið af stað undir hatti verkefnisins „Áreiðanleg gögn“ í því skyni að safna tímanlegum, áreiðanlegum og alþjóðlega samanburðarhæfum gögnum til grundvallar ákvarðanatöku og markmiðasetningu í greininni. Einu verkefni var lokið þegar árið 2016 og tvö voru enn í vinnslu við gerð skýrslu þessarar. Þá hefur verið ákveðið að endurnýja samninga um þrjú verkefni. Á árinu 2017 var Mælaborð ferðaþjónustunnar einnig opnað.

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar var formlega sett á laggirnar í janúar 2017 í samstarfi stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og fræðsluaðila. Starfsemi Hæfnisetursins miðar að því að auðvela fyrirtækjum að fjárfesta í hæfni starfsmanna, m.a. með því að greina fræðsluþarfir, móta leiðir til að koma á árangursríkri fræðslu, auka samvinnu um fræðslu, standa fyrir upplýsingagjöf til fyrirtækja sem og gerð verkfæra sem nýstast bæði fyrirtækjum og fræðsluaðilum.

Á vegum Íslandsstofu var á árinu 2017 unnið að verkefni um greiningu markhópa en þar voru þrjár markhópar sem þykja hvað ákjósanlegastir fyrir íslenska ferðaþjónustu út frá þörfum hennar og markmiðum greindir og kortlagðir. Markhópagreiningin var kynnt í október 2017.

### Markmið 2: Mótun markmiða og áherslna um þróun greinarinnar, skipulag og áhrif sett í forgang

Á árinu 2017 ákvað ráðherra að ferðamálum yrði framvegissinnt á sérstakri skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Með þessari forgangsröðun ráðherra voru störf endurskilgreind og í lok árs 2017 voru starfsmenn skrifstofunnar fimm talsins. Hlutverk skrifstofunnar er að skapa ferðaþjónustunni hagkvæma og skilvirka umgjörð og treysta grundvöll hennar með skýrum leikreglum og stefnumótun.

Vinna við áfangastaðaáætlanir (e. Destination Management Plans-DMP) fór af stað í samvinnu við allar markaðsstofur landshlutanna á árinu 2017. Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuyfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðis yfir ákveðinn tíma, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila, tiltaka beinar aðgerðir sem hver og einn hagsmunaaðili ber ábyrgð á og hvaða bjargir/auðlindir þeir hyggjast nýta við þá vinnu. Áfangastaðaáætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæðis auk þess sem skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugað er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun atvinnugreinarinnar innan svæðisins: uppbyggingu, efnahagslegu vægi, þjónustuþáttum o.s.frv.

Flugþróunarsjóður hélt áfram starfsemi á árinu í samræmi við það svigrúm sem veitt hafði verið á fjárlögum til að koma á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvellina Akureyri og Egilsstaði og stuðla þannig að aukinni dreifingu ferðamanna um landið.

Á árinu 2017 fór fram vinna í tengslum við leyfisveitingar og eftirlit í ferðaþjónustu í samstarfi Stjórnstöðvar ferðamála og Samtaka ferðaþjónustunnar.

### Markmið 3: Átak í uppbyggingu innviða ferðaþjónustu til að vernda viðkvæma náttúru, auka öryggi ferðamanna og tryggja jákvæða upplifun þeirra

Snemma árs 2017 ákvað ráðherra að stóruka stuðning við SafeTravel verkefni Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar. Skrifað var undir þriggja ára samning sem felur í sér 25 m.kr. árlegt framlag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Af öðrum viðamiklum aðgerðum til uppbyggingar innviða ferðaþjónustu ber að nefna úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða að fjárhæð rúmlega 600 m.kr. auk breytinga sem gerðar voru á lögum um sjóðinn til að tryggja samspil þeirra við lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Þá fjármagnaði ráðherra uppsetningu og rekstur bráðabirgðasalerna víðsvegar um landið sumarið 2017 með 90 m.kr. samningi við Vegagerðina.

Sett var á laggirnar verkefni á vegum Stjórnstöðvar ferðamála til að vinna að samræmingu merkinga og skilta í þágu ferðamanna.

## 15 Orku- og eldsneytismál

Markmið málaflokksins er að orkubúskap landsins verði hagað með sjálfbærum hætti með áherslum á samfélagslegan, efnahagslegan og umhverfislegan ábata.

Á árinu var unnið að þeim markmiðum og aðgerðum sem koma fram í frumvarpi til fjárlaga 2017 innan málaflokksins, sjá nánar neðangreint:

### **Markmið 1: Orkuöryggi verði tryggt á landsvísu, full jöfnun á kostnaðarmun á dreifingu raforku í dreifbýli og þéttbýli og full jöfnun húshitunarkostnaðar**

Undir þessu markmiði var annars vegar mælikvarði um afhendingaröryggi raforku og vísað til þess að staðan 2015 var sú að fyrir liggur að afhendingaröryggi raforku sé ábótavant á tilteknum stöðum á landinu. Á árinu 2017 unnu starfshópar á vegum ráðuneytisins (Vestfjarðanefnd og Norð-austur nefnd) að tillögum og áætlunum um bætt afhendingaröryggi og styrkingu svæða. Áfram er unnið að því.

Hins vegar var undir þessu markmiði viðmið í fjárlögum 2017 að hlutfall niðurgreiðslu dreifingu raforku í dreifbýli yrði 75% á árinu 2017. Reyndin var sú að á árinu 2017 var hlutfall niðurgreiðslna um 61% yfir árið en ef bara er litið til síðustu þriggja mánaða ársins var niðurgreiðslan 71%.

Einnig má nefna að á árinu 2017 var unnið að eflingu orkuöryggis á landsvísu. Skipaðir voru tveir starfshópar í því skyni og hófu þeir störf á árinu. Annars vegar starfshópur um bætt afhendingaröryggi raforku í dreifbýli og þriggja fasa rafmagn og hins vegar starfshópur um orkuöryggi á heildsölumarkaði raforku. Eru þessir starfshópar enn að störfum og niðurstöðu þeirra að vænta í lok árs 2018 og á fyrri hluta árs 2019.

## 16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar

Stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar tekur til aðkomu ríkisins að atvinnugreinum landsins. Meginviðfangsefnið er að stuðla að hagfelldri umgjörð fyrir atvinnuvegina, stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, efla rannsóknir, þróun og nýsköpun og hafa yfirumsjón með að lögbundnu eftirliti sé sinnt í samræmi við lög.

Meginmarkmið málaflokksins er að tryggja að starfs- umhverfi íslensks atvinnulífs og nýsköpunar sé allt í senn hvetjandi, framsækið, sanngjarnt og heiðarlegt.

## Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

Á árinu 2017 var 8 m.kr. ráðstafað úr varasjóði málaflokks 7.20 Nýsköpun og markaðsmál á safnið nýsköpunar og atvinnuþróunar þar sem haldið er utan um ýmsa samninga

### **Markmið 2: Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa (orkuskipti)**

Árið 2015 var hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum 6,7%. Í fjárlögum 2017 var sett markmið um 7,5% árið 2017 og 9,5% árið 2019. Viðmiðið fyrir 2017 náðist þar sem hlutfallið það ár var 7,7%.

Undir þessu markmiði var einnig sett viðmið um að áætlun um rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja liggi fyrir árið 2017 og rafvæðingu allra fiskimjölsverksmiðja í landinu verði lokið 2019.

Auk framangreinds má nefna að á árinu 2017 var veitt 150 m.kr. framlag vegna uppsetningar varmadælu í Vestmannaeyjum, í samræmi við það markmið að tryggja orkuöryggi á landsvísu og ná fullri jöfnun á kostnaðarmun á dreifingu raforku í dreifbýli og þéttbýli. Er það hluti af orkuskiptum og orkuöryggi.

Unnið var að áframhaldi orkuskipta í samgöngum m.a. með sérstökum innviðastyrkjum fyrir rafbíla sem Orkusjóður úthlutaði fyrir árin 2016, 2017 og 2018, samtals um 200 m.kr. Samþykkt var á Alþingi tillaga ráðherra til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um orkuskipti, sem varðar veginn til næstu ára um áframhald orkuskipta, jafnt á landi sem á hafi.

### **Markmið 3: Tryggja að vel verði staðið að öryggis- og umhverfismálum, samgöngum, slysavörnum, björgunarstarfi og innviðum olíuleitar og vinnslu**

Fyrir árið 2017 var sett það viðmið að unnið yrði að samningu regluverks um framangreint. Starfshópur á vegum Orkustofnunar vann að því verki á árinu 2017.

### **Markmið 1: Rafræn stjórnýsla verði aukin og regluverk og stuðningsumhverfi einfaldað**

Í fjárlögum 2017 var sett það viðmið fyrir 2017 að hugbúnaður verði tilbúinn til að taka við rafrænum skráningum félaga í fyrirtækjaskrá. Þessu markmiði hefur verið náð og á árinu 2017 var formlega opnuð rafræn fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra. Hefur hún í för með sér aukna rafræna stjórnýslu og einföldun regluverks.

og verkefni. Ráðstöfunin var til þess að koma til móts við aukin verkefni og framlög í nýsköpun og atvinnuþróun.

## Tafla 2

## Ráðstöfun varasjóðs á árinu 2017

7.20 Nýsköpun og markaðsmál	Upphæð í m.kr.
Staða varasjóðs í upphafi árs	9,2
04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun	8
<b>Staða varasjóðs í lok árs</b>	<b>1,2</b>

## Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

Á mynd 2 má sjá yfirlit yfir stofnanir, sjóði, samninga og verkefni á forræði ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og áætlaða stöðu þeirra í árslok 2017. Tölurnar eru birtar með fyrirvara þar sem uppgjöri Fjársýslu ríkisins er ólokið. Í yfirlitinu má sem dæmi sjá ýmis verkefni í efstu línu með 73,3 m.kr.

uppsafnaðan afgang, sem eins og áður hefur komið fram skýrist af því að ýmis verkefni og samningar fóru seinna af stað en gert var ráð fyrir og kom því ekki til útgjalda vegna þeirra fyrr en á árinu 2018.

## Mynd 2

## Staða ríkisaðila í árslok 2017

Uppsöfnuð frávik/áætluð árslokastaða ríkisaðila og verkefna

